

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 17. október 2022

Tilvísun: 202210029 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Þingeyjasveitar og Norðurþings vegna jarðstrengs frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu 1

Norðurþing hefur, með erindi dags. 11. október 2022, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 19. ágúst 2022, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að marka stefnu um 7.8 km langan jarðstreng frá tengivirki við Þeistareykjavirkjun norður að Kópaskerslínu 1, mun jarðstrengurinn liggja meðfram Þeistareykjavegi.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar.

Í lýsingunni kemur fram að skipulagssvæðið er á Skildingahrauni sem sé 14.500 ára og teljist því forsögulegt hraun sem forðast ber að raska sbr. ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Stofnunin bendir á að í greinargerð tillögunnar þarf að gera grein fyrir því hvaða brýnu samfélagshagsmunir réttlæta röskun hraunsins. Auk þess þarf að gera grein fyrir öðrum valkostum sem skoðaðir hafa verið fyrir lagningu jarðstrengs og hvers vegna þeir koma ekki til álita.

Esther Björg Andreassen

Esther Björg Andreassen

